



Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018

Breyting, miðbær

Umhverfisskýrsla - tillaga

Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006



29.01.2014

Unnið fyrir Akureyrarbæ

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí



1	Umhverfismat	2
1.1	Áhrifaþættir	2
1.2	Kynning og samráð	3
1.1	Umhverfisþættir	3
1.2	Umhverfisviðmið	3
1.3	Valkostir	4
1.3.1	Hagrænir þættir	4
1.3.2	Samfélagslegir þættir	5
1.3.3	Heilsa og öryggi	5
1.3.4	Ásýnd og sjónræn áhrif	6
1.3.5	Núll kostur	6
1.3.6	Glerárgata, matsskylda.....	6
1.4	Samantekt og niðurstaða	7

1 Umhverfismat

Megintilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá helstu mögulegum umhverfisáhrifum sem framkvæmdir skv. aðalskipulagsbreytingu þessari eru líkleg til að hafa á umhverfið. Þá er reynt að segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Markmið með matsvinnunni er jafnframt að sýna fram á að við gerð aðalskipulagsbreytingar hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið.

Í upphafi undirbúningsvinnu við fyrirliggjandi breytingartillögu var lagt mat á það hvaða þætti væri nauðsynlegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu ítarlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar. Í byrjun vinnu við aðalskipulagsbreytinguna var haft samráð við Skipulagsstofnun en óskað var umsagnar stofnunarinnar um umfang og áherslur umhverfismats áætlunarinnar.

Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis. Við umhverfismat er stuðst við þær upplýsingar og gögn sem liggja fyrir um grunnsástand umhverfis.

Fjallað verður um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda í deiliskipulagi með tilheyrandi umhverfisskýrslu ásamt umhverfismati þeirra framkvæmda sem falla undir mat á umhverfisáhrifum.

Framsetning umhverfismats er í formi texta og venslatöflu.

1.1 Áhrifaþættir

Með þessu hugtaki er átt við hvaða þættir aðalskipulagsbreytingarinnar eru líklegir til að valda umhverfisáhrifum.

Eftirfarandi áhrifaþættir eru þeir sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum í breytingu á aðalskipulagi:

- Ekki verður lengur gert ráð fyrir að grafið verði síki frá Torfunefi inn að Skipagötu.
- Ekki verður lengur gert ráð fyrir að bílastæði verði fyrst og fremst í bílakjöllum.
- Hæð nýrra bygginga í kjarna miðbæjarins takmarkast við 4 hæðir, en einstaka byggingar geta verið 5 hæðir. Áður var gert ráð fyrir að hæð nýrra bygginga í kjarna miðbæjarins takmarkist við 4-5 hæðir, en einstaka byggingar geti verið 6-7 hæðir.
- Gert er ráð fyrir færslu á hafnargarði og fyllingu vegna hennar.
- Breyting á veglínu Glerárgötu.

1.2 Kynning og samráð

Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats breytingar á aðalskipulagi, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir.

Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma breytingar á aðalskipulagi.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
 - *Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismats áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
- *Umhverfisstofnun,*
 - *Vegna mögulegra umhverfisáhrifa og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.*
- *Veitustofnanir*
- *Vegagerðin*
- *Viðeigandi nefndir og deildir Akureyrarbæjar*

Áður en tillaga að breytingu á aðalskipulagi verður afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli verður tillagan kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

1.1 Umhverfisþættir

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem sjónum er beint að við umhverfismat aðalskipulagsbreytingar þar sem þeir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í aðalskipulagi.

Farið var yfir og metið hvaða þættir í umhverfinu gætu möguleg orðið fyrir áhrifum vegna stefnu breytingar á aðalskipulagi og umhverfisþættir valdir út frá því mati.

Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingar eru eftirfarandi umhverfisþættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- Hagrænir þættir
- Samfélagslegir þættir
- Heilsa og öryggi
- Ásýnd og sjónræn áhrif

Aðrir umhverfisþættir eru ekki taldir muni verða fyrir áhrifum.

1.2 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem breyting á aðalskipulagi hefur í för með sér.

Í breytingu á aðalskipulagi Akureyrar eru eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000
- Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið er notast eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- (+) Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.
 - Breyting á aðalskipulagi styður viðmið viðkomandi umhverfisþátta.
- (0) Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.
 - Breyting á aðalskipulagi hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
- (-) Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.
 - Breyting á aðalskipulagi vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþátta.

1.3 Valkostir

Borin eru saman áhrif breytingar á aðalskipulagi við líklega þróun umhverfis án framfylgdar breytingarinnar, núll kost.

1.3.1 Hagrænir þættir

Ekki verður lengur qert ráð fyrir að grafið verði síki frá Torfunefi inn að Skipaötu

Hagræn áhrif eru jákvæð þar sem kostnaður við að grafa út síki er umtalsverður og mun Akureyrarbær því ekki þurfa að standa straum af kostnaði við þá framkvæmd.

Ekki verður lengur qert ráð fyrir að bílastæði verði fyrst og fremst í bílakjöllum

Hagræn áhrif eru jákvæð vegna minnkandi byggingarkostnaðar við uppbyggingu í miðbænum. Neikvæð hagræn áhrif eru möguleg vegna verri landnýtingar.

Hæð nýrra bygginga í kjarna miðbæjarins takmarkast við 3-4 hæðir, en einstaka byggingar geta verið 5 hæðir.

Breytingin er talin hafa möguleg neikvæð hagræn áhrif vegna verri landnýtingar (minna byggingarmagn og færri íbúðir).

Gert er ráð fyrir færslu á hafnarqarði og fyllingu vegna hennar

Breytingin er talin hafa óveruleg eða jákvæð hagræn áhrif. Kostnaður verður við framkvæmdina en móti kostnaði sveitarfélagsins koma beinar tekjur í formi gatnagerðargjalda. Jákvæð áhrif verða á atvinnulíf vegna framkvæmda við hafnagarð og fyllingu, og einnig má gera ráð fyrir að notagildi og aðdráttarafl hafnarinnar aukist.

Breyting á veglínu Glerárgötu

Breytingin er talin hafa óveruleg hagræn áhrif.

1.3.2 Samfélagslegir þættir

Ekki verður lenqur gert ráð fyrir að grafið verði síki frá Torfunefi inn að Skipagötu

Breytingin er talin hafa óveruleg samfélagsleg áhrif.

Ekki verður lenqur gert ráð fyrir að bílastæði verði fyrst og fremst í bílakjöllum

Breytingin er talin hafa óveruleg samfélagsleg áhrif.

Hæð nýrra bygginga í kjarna miðbæjarins takmarkast við 3-4 hæðir, en einstaka byggingar geta verið 5 hæðir.

Breytingin er talin hafa óveruleg eða jákvæð samfélagsleg áhrif. Jákvæð áhrif eru möguleg þar sem hæð bygginga minnkar og þar með er mögulegt að skapa dvalarsvæði í miðbænum sem njóta betur sólar og dagsbirtu.

Gert er ráð fyrir færslu á hafnarqarði og fyllingu vegna hennar

Breytingin er talin hafa óveruleg samfélagsleg áhrif.

Breyting á veglínu Glerárgötu

Breytingin er talin hafa óveruleg samfélagsleg áhrif.

1.3.3 Heilsa og öryggi

Ekki verður lenqur gert ráð fyrir að grafið verði síki frá Torfunefi inn að Skipagötu

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á heilsu og öryggi.

Ekki verður lenqur gert ráð fyrir að bílastæði verði fyrst og fremst í bílakjöllum

Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á heilsu og öryggi þar sem um er að ræða öruggari lausn m.t.t. grunnvatns- og sjávarstöðu.

Hæð nýrra bygginga í kjarna miðbæjarins takmarkast við 3-4 hæðir, en einstaka byggingar geta verið 5 hæðir.

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á heilsu og öryggi.

Gert er ráð fyrir færslu á hafnarqarði og fyllingu vegna hennar

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á heilsu og öryggi.

Breyting á veglínu Glerárgötu

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á heilsu og öryggi.

1.3.4 *Ásýnd og sjónræn áhrif*

Ekki verður lengur gert ráð fyrir að grafið verði síki frá Torfunefi inn að Skipagötu

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á ásýnd og sjónræn áhrif.

Ekki verður lengur gert ráð fyrir að bílastæði verði fyrst og fremst í bílakiöllurum

Breytingin er talin hafa mögulega neikvæð áhrif á ásýnd og sjónræn áhrif. Þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir bílgeymslum undir yfirborði verða þær sýnilegri og gætu það talist neikvæð sjónræn áhrif.

Hæð nýrra bygginga í kjarna miðbæjarins takmarkast við 3-4 hæðir, en einstaka byggingar geta verið 5 hæðir.

Sjónræn áhrif eru talin jákvæð þar sem byggðin verður lægri en áður var gert ráð fyrir og í meira samræmi við þá byggð sem fyrir er í miðbæ Akureyrar og aðliggjandi svæðum.

Gert er ráð fyrir færslu á hafnarqarði og fyllingu vegna hennar

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á ásýnd og sjónræn áhrif.

Breyting á veglínu Glerárgötu

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á ásýnd og sjónræn áhrif.

1.3.5 *Núll kostur*

Óveruleg áhrif verða á alla umhverfispætti ef ekki verður af breytingunni fyrir utan að hagræn áhrif gætu orðið neikvæð vegna mikils kostnaðar við gerð síkis og byggingu bílajakjallara.

1.3.6 *Glerárgata, matsskylda*

Breyting á legu Glerárgötu (stofnbrautar) er óveruleg og á fyrst og fremst við útfærslu auk minni háttar breytingar á veglínu. Breytingin hefur engin neikvæð áhrif á umhverfið. Þar sem breytingin mun ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif telur Akureyrarbær í samræmi við 1. mgr. 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 að ákvæði um matsskyldu eigi ekki við.

1.4 Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að breyting á aðalskipulagi í heild muni hafa í för með sér óveruleg áhrif á umhverfið.

Hagræn áhrif eru mögulega jákvæð þar sem kostnaður við að grafa út síki og framkvæmd við bílakjallara er umtalsverður og hvoru tveggja verður felld burt í breytingu á aðalskipulagi. Þá eru möguleg jákvæð áhrif vegna uppbyggingu hafnarinnar og möguleika sem það skapar. Aftur á móti eru neikvæð hagræn áhrif möguleg vegna verri landnýtingar þar sem byggingarmagn minnkar.

Samfélagsleg áhrif eru að mestu óveruleg fyrir utan möguleg jákvæð áhrif vegna möguleika á að skapa sólríkari dvalarsvæði vegna lægri bygginga.

Áhrif á heilsu og öryggi er að mestu talin óveruleg en þó eru jákvæð áhrif talin möguleg vegna öruggari lausnar m.t.t. grunnvatns- og sjávarstöðu þar sem bílastæði verða ekki lengur í kjöllurum.

Sjónræn áhrif og áhrif á samfélag eru talin geta verið jákvæð þar sem byggðin verður lægri en áður var gert ráð fyrir og í meira samræmi við þá byggð sem fyrir er. Aftur á móti eru möguleg neikvæð áhrif þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir bílageymslum undir yfirborði og verða þær því sýnilegri en áður var gert ráð fyrir.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér að neðan.

Miðbær, breyting á aðalskipulagi 🇮🇸 🏡					
	01	02	03	04	05
Áhrifaþættir > V Umhverfisþættir	Hagrænir þættir	Samfélagslegir þættir	Heilsa og öryggi	Ásýnd og sjónræn áhrif	Núll-kostur
Síki tekið út	★ Minni kostnaður	★	★	★	★
Bílageymslur í stað bílakjallara	★ Minni byggingarkostn. ★ Verri landnýting	★	★ Öruggeri lausn m.t.t. grunnvatns og sjávarstöðu	★ Bílageymslur verða sýnilegri	★
Hæð byggingar 3-4 hæðir í stað 4-5 hæða	★ Verri landnýting	★ Bætt dvalarsvæði m.t.t. sólar og birtu	★	★ Bætt samræmi við aðliggjandi byggð	★
Færsla á hafnargarði og fylling	★	★	★	★	★
Breyting á veglínu Glerárgötu	★	★	★	★	★

- ★ Jákvæð áhrif
- ★ Neikvæð áhrif
- ★ Engin eða óveruleg áhrif